

STJÓRNARFUNDUR Á KAFFI KRÓK
ÞRIÐJUDAGINN 11. JANÚAR 2011 KL 09:30.

Þriðjudaginn 11. Janúar 2011 kom stjórn SSNV saman til fundar á Kaffi Krók, Sauðárkróki.. Mætt voru: Bjarni Jónsson, Adolf H, Berndsen Ágúst Þór Bragason, Sigurjón Þórðarson, Skúli Þórðarson og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð. Sólrún Júlíusdóttir og Svanfríður Jónasdóttir stjórnarmenn Byggðasamlags málefna fatlaðra voru í símasambandi undir 1. lið. Undir 2. lið sat fundinn Guðmundur Guðmundsson frá Byggðastofnun.

Formaður Bjarni Jónsson setti fund, og bauð Dalvíkurbyggð velkomna í samstarf um málefni fatlaðra.

1. Byggðasamlag um málefni fatlaðra

- a. **Starfsmannamál.** Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir stöðu mála varðandi starfslok verkefnisstjóra málefna fatlaðra. Formaður lagði til að framkvæmdastjóra verið falið að óska eftir viðræðum við Grétu Sjöfn Guðmundsdóttir um að hún gegni áfram starfi verkefnisstjóra byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra. Umræður urðu um málið. Stjórn samþykkir tillöguna og felur framkvæmdastjóra að leita eftir viðræðum við Grétu Sjöfn.
- b. **Önnur mál.**
 - i. **Þjónustusamningur.** SJ spurðist fyrir um næstu skerf varðandi staðfestingu þjónustusamninga. Fulltrúar sveitarfélagana verða kallaðir saman til undirritunar þegar öll aðildarsveitarfélög byggðasamlagsins hafa staðfest samninginn.

2. SSNV atvinnuþróun – Katrín María Andrésdóttir atvinnuráðgjafi mætir til fundarins.

- a. **Verkefnayfirlit SSNV atvinnuþróunar 2010.** Katrín María Andrésdóttir atvinnuráðgjafi fór yfir helstu þætti í starfsemi SSNV atvinnuþróunar á árinu 2010 og lagði fram ýmis gögn er varða starfsemina á árinu. Á árinu var unnið að 129 verkefnum og var meðalvinnustundafjöldi á verkefni um 21 vinnustund. Umræður urðu um starfsemi atvinnuþróunar, vaxtarsamnings o.fl.
- b. **Starfsáætlun 2011.** Lögð fram drög að starfsáætlun SSNV atvinnuþróunar fyrir árið 2011, en afgreiðslu var frestað á síðasta fundi. Farið yfir drögin og þau aðlöguð samkvæmt ábendingum stjórnarmanna. Að öðru leiti samþykkir stjórn áætlunina fyrir sitt leiti.
- c. **Framlög til atvinnuþróunarfélagana 2011.** Lagt fram yfirlit Byggðastofnunar um skiptingu fjármagns til atvinnuþróunarfélagana árið 2011. Framlag til SSNV atvinnuþróunar verður 19.539.880 kr sem er 7,25% skerðing frá árinu 2010.
- d. **Stefnumótun SSNV atvinnuþróunar.** Rætt um stefnumótun SSNV atvinnuþróunar.

3. Bréf Félags og tryggingamálaráðuneytisins dags. 21 desember 2010. Í bréfinu er óskað tilnefningar eins aðila í Vinnumarkaðsráð Norðurlands vestra. Skv. 15.gr. laga nr. 10/2008 er kveðið á um að þegar tilnefnt er nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Stjórn SSNV tilnefnir Jón Óskar



Pétursson framkvæmdastjóra SSNV og Katrínu Maríu Andrésdóttur atvinnuráðgjafa SSNV.

4. Ákvörðun um tímasetningu 19. ársþings SSNV.

Stjórn samþykkir að óska eftir við aðildarsveitarfélög SSNV að 19. Ársþing verði frestað og verði haldið fyrir lok ágústmánaðar 2011 í stað fyrir aprílloka eins og kveðið er á um í samþykktum.

5. Önnur mál

a. Fundur í starfshóp um sameiningar sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Framkvæmdastjóri kynnti að fyrsti fundur hópsins verður haldinn föstudaginn 14.janúar n.k.

Formaður sagði frá hugmyndum um sjálfstætt framhald vinnu við verkefnið Efling sveitarstjórnarstigsins að hálfu Innanríkisráðuneytisins.

b. Sameiginleg barnaverndarnefnd á Norðurlandi vestra. Sk.Þ minnti á að stjórn var falið á síðasta ársþingi kanna möguleika á að koma á sameiginlegri barnaverndarnefnd á Norðurlandi vestra.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 13:00

Jón Óskar Pétursson fundarritari.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.